

Mat á skólastarfi

**Áætlun um ytra mat í framhaldsskólum,
grunnskólum og leikskólum 2010-2012**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Maí 2010

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

© 2010 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9979-777-80-9

Innihald

1. Inngangur	4
2. Kannanir og úttektir í framhaldsskólum 2010-2012	5
2.1 Innleiðing nýrra laga um framhaldsskóla	5
2.2 Stofnanaúttektir á framhaldsskólum	5
2.3 Eftirfylgni úttekta á sjálfsmatsaðferðum	5
2.4 Kennsla, námskröfur og námsmat í íslensku, stærðfræði og ensku	5
2.5 Kannanir/þemaúttektir	5
2.6 Fjarkennsla	6
2.7 Samningsbundin verkefni og fleira	6
2.8 Yfirlit úttekta á framhaldsskólastigi	7
2010	7
2011	7
2012	7
3. Kannanir og úttektir í grunnskólum 2010-2012	8
3.1 Innra mat	8
3.2 Innleiðing og framkvæmd nýrra grunnskólalaga	8
3.3 PISA 2012	8
3.4 Stofnanaúttektir á grunnskólum	8
3.5 Skólanámskrár og starfsáætlanir	9
3.6 Sund og skólaíþróttir	9
3.7 Menntun kennara	9
3.8 Stærðfræði og enska á unglíngastigi	9
3.9 Ritun á íslensku	9
3.10 Hagnýting niðurstaðna samræmdra könnunarprófa	10
3.11 Val í námi á unglíngastigi	10
3.12 Áhrif nemenda og lýðræði í skólastarfi	10
3.13 Sérfræðiþjónusta sveitarfélaga	10
3.14 Tilraunaverkefni	10
3.15 Ófyrirséð	10
3.16 Yfirlit úttekta á grunnskólastigi	11
2010	11
2011	11
2012	11
4. Kannanir og úttektir í leikskólum 2010-2012	12
4.1. Innleiðing nýrra leikskólalaga	12
4.2 Sérfræðiþjónusta sveitarfélaga	12

4.3 Málumhverfi leikskólabarna.....	12
4.4 Skólastefna og áhrif barna.....	12
4.5 Stofnanaúttektir	12
4.6 Hópastærð og rými	13
4.7 Foreldrar og foreldraráð	13
4.8 Ófyrirséð.....	13
4.9 Yfirlit úttekta á leikskólastigi	14
2010.....	14
2011.....	14
2012.....	14

1. Inngangur

Í lögum um framhaldsskóla, grunnskóla og leikskóla er kveðið á um að mennta- og menningarmálaráðuneytið geri áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir (ytra mat) sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga, aðalnámskrár og aðra þætti skólalífis. Ytra mat getur m.a. falið í úttektum á einstökum þáttum skólalífis, stofnanaúttektum, úttektum á námsgreinum og námsþáttum og innra mati skóla. Einnig tekur ytra mat til innlendra og erlendra kannana, rannsókna og samræmdra könnunarprófa. Í reglugerðum um innra og ytra mat er nánar kveðið á um ytra mat ráðuneytisins, undirbúning þess, viðmið og eftirfylgni.

Um val á stofnunum sem ytra mat beinist að fer eftir ákvörðun ráðuneytisins hverju sinni. Getur bæði verið um það að ræða að ráðuneytið velji skóla sem úttekt beinist að, s.s. vegna sérstakra aðstæðna eða tegundar úttektar, eða að auglýst verði eftir skólum til úttektar. Þegar ytra mat fer fram skal ráðuneytið gera grein fyrir tilgangi þess, aðferðum og helstu áherslum. Ráðuneytið fær óháða sérfræðinga til að sjá um framkvæmd ytra mats í samræmi við verklagsreglur ráðuneytisins. Að loknu ytra mati skal framhaldsskóli/sveitarstjórn gera grein fyrir hvernig brugðist verður við niðurstöðum þess. Að öðru leyti fer eftirfylgni ytra mats samkvæmt verklagsreglum ráðuneytisins.

Niðurstöður kannana og úttekta eru birtar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis auk þess sem þar verða birtar umbótaáætlanir framhaldsskóla/sveitarstjórna byggðar á niðurstöðum mats eftir því sem við á.

Á næstu síðum er að finna áætlun ráðuneytisins um úttektir/kannanir í leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir árin 2010-2012.

2. Kannanir og úttektir í framhaldsskólum 2010-2012

2.1 Innleiðing nýrra laga um framhaldsskóla

Eftirlit með innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga fer m.a. fram með könnun meðal framhaldsskóla til að fylgjast með því hvernig skólum gengur að uppfylla tiltekin ákvæði nýju laganna. Má þar m.a. nefna atriði eins og skólareglur, innritun nemenda, móttökuáætlun, foreldraráð og forvarnir. Fleiri þættir verða reglulega skoðaðir til að fá sem skýrasta mynd af stöðu mála, áherslum skóla og sýn stjórnenda á áherslur laganna.

2.2 Stofnanaúttektir á framhaldsskólum

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 gera ráð fyrir að úttekt á framhaldsskóla fari fram eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Er þetta ákvæði laganna túlkað á þann hátt að um geti verið að ræða ýmis konar mat á starfsemi framhaldsskóla, s.s. úttekt á sjálfsmatsaðferðum, úttekt á einstökum þáttum skólastarfsins og heildarúttekt á skólastofnun. Áætlað er að á tímabilinu sem um ræðir verði gerðar stofnanaúttektir á 18 framhaldsskólum. Úttektirnar fari fram bæði að hausti og vori. Markmiðið með slíkum úttektum er að fá fram heildarmynd af starfsemi viðkomandi skóla. Er þá lagt mat á þætti eins og stjórnun, nám og kennslu, námsmat, samskipti, skilvirkni og nýtingu aðfanga og lögð áhersla á að skoða skólastarf út frá lögum, reglugerðum og aðalnámskrá.

2.3 Eftirfylgni úttekta á sjálfsmatsaðferðum

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla í samræmi við eldri lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 fóru fram á tímabilinu 2007-2008. Á árinu 2010 verður unnið að því að koma á ráðgjöf og stuðningi við þá framhaldsskóla sem uppfylltu ekki kröfur ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats.

2.4 Kennsla, námskröfur og námsmat í íslensku, stærðfræði og ensku

Á tímabilinu 2010-2012 verður lögð áhersla að gera úttekt á kennslu, námskröfum og námsmati í námsgreinunum íslensku, ensku og stærðfræði. Verður þá valinn tiltekinn fjöldi skóla sem endurspeglar ólíkar gerðir, staðsetningu og stærðir framhaldsskóla. Leitast verður m.a. við að afla upplýsinga um kennsluáferðir, inntak náms, námsmat og námskröfur í þessum greinum. Í ljósi niðurstaðna verður metið hvort ástæða er til að kanna frekar tiltekna þætti sem tengjast kennslu og námi í þessum greinum.

2.5 Kannanir/þemaúttektir

Áætlunin gerir ráð fyrir sérstökum könnunum og/eða þemaúttektum á almanaksárunum 2010, 2011 og 2012 án þess að tilgreint sé fyrirfram hverjar þær verða. Sem dæmi um slíkar kannanir og úttektir má nefna kannanir/úttektir á sérkennslu/starfsbrautum í framhaldsskólum (2010), úttekt á stöðu starfsmenntunar og viðhorfum til hennar (2011), viðhorfakönnun meðal útskrifaðra úr framhaldsskólum (2011) og menntun kennara í stærðfræði og raungreinum (2012).

2.6 Fjarkennsla

Nám með fjarkennslusniði hefur vaxið mjög að umfangi á framhaldsskólastigi á undanförunum árum. Á árinu 2010 fer fram úttekt á fjarnámi á framhaldsskólastigi. Markmið úttektarinnar er m.a. að meta hvort nám með fjarkennslusniði í íslenskum framhaldsskólum uppfylli almennt kröfur gildandi laga, reglugerðar og aðalnámskrár og hvort í náminu séu gerðar sambærilegar kröfur og í reglubundnu námi í dagskólum framhaldsskóla. Einnig er úttektinni ætlað að kanna þörf fyrir fjarnám á framhaldsskólastigi með tilliti til ólíkra námshópa, svo og að meta kostnað, hagkvæmni og skilvirkni fjarnáms.

2.7 Samningsbundin verkefni og fleira

Gert er ráð fyrir að, auk þeirra úttekta og kannana sem tilgreindar eru hér að framan komi, upp fleiri verkefni á þessu sviði, s.s. vegna samninga ráðuneytisins um einstök verkefni eða ábendinga. Sem dæmi um slík verkefni eru samningsbundnar úttektir á Menntaskólanum Hraðbraut (2010) og Kvikmyndaskóla Íslands (2010) og einnig úttekt á þróunarverkefni í Kvennaskólanum í Reykjavík. Einnig er um að ræða úttekt á tilraunaverkefninu Borgarfjarðarbrú, sem er samstarfsverkefni Menntaskóla Borgarfjarðar og grunnskólanna í Borgarbyggð (sjá einnig þriggja ára áætlun grunnskóla), svo og úttekt á námi í Keili.

2.8 Yfirlit úttekta á framhaldsskólastigi

2010

Stofnanaúttektir á sex framhaldsskólum

Könnun á innleiðingu ákveðinna þátta í framhaldskólalögum

Úttekt á kennslu og námsmati í íslensku (úrtak framhaldsskóla)

Úttekt/könnun á sérkennslu/starfsbrautum

Úttekt á fjarnámi í framhaldsskólum

Úttekt á þróunarverkefni í Kvennaskólanum í Reykjavík

Úttekt á Kvikmyndaskóla Íslands

Úttekt á námi í Keili

Samningsbundin verkefni, þróunarverkefni og fleira

2011

Stofnanaúttektir á sex framhaldsskólum

Úttekt á kennslu og námsmati í stærðfræði (úrtak framhaldsskóla)

Könnun á stöðu starfsmenntunar og viðhorfum til hennar

Viðhorfakönnun meðal útskrifaðra nemenda úr framhaldsskólum

Eftirfylgni vegna stofnanaúttekta 2010 og úttekta á íslenskukennslu, fjarkennslu og sérkennslu

Samningsbundin verkefni, þróunarverkefni og fleira

Eftirfylgni vegna samningsbundinna verkefna frá 2010

2012

Stofnanaúttektir á sex framhaldsskólum

Könnun á menntun stærðfræði- og raungreinakennara

Úttekt á kennslu og námsmati í ensku (úrtak framhaldsskóla)

Könnun á innleiðingu framhaldskólalaga, framhald og eftirfylgni

Eftirfylgni vegna samningsbundinna verkefna frá 2011

Eftirfylgni vegna stofnanaúttekta og úttektar á kennslu í stærðfræði

Samningsbundin verkefni, þróunarverkefni og fleira

3. Kannanir og úttektir í grunnskólum 2010-2012

3.1 Innra mat

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að hver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Matið á að tengjast skólanámskrá og skulu upplýsingar um framkvæmd og umbætur birtar opinberlega. Í lögnum segir jafnframt að mennta- og menningarmálaráðuneytið skuli, m.a. með sjálfstæðri gagnaöflun, afla upplýsinga um framkvæmd laganna.

Í eldri lögum um grunnskóla nr. 66/1995 voru ákvæði þess efnis að sérhverjum skóla bæri að innleiða aðferðir til að meta skólastarfið og að á fimm ára fresti ætti mennta- og menningarmálaráðuneytið að taka út sjálfsmatsaðferðir skóla. Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla komu fyrst til framkvæmda haustið 2001 og stóð fyrsta umferð úttekta til vors 2003. Önnur umferð úttekta hófst í febrúar 2007 og lauk úttektum á síðustu skólunum í þeirri umferð haustið 2009. Eftirfylgni á árinu 2010 tekur mið af niðurstöðum en áhersla verður lögð á að fylgja eftir úrbótum í þeim skólum sem styst eru komnir í innleiðingu sjálfsmats.

3.2 Innleiðing og framkvæmd nýrra grunnskólalaga

Í 4. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir að ráðherra hafi eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög um grunnskóla, aðalnámskrá og reglugerðir kveða á um. Eftirlit með innleiðingu nýrra grunnskólalaga fer m.a. fram með könnunum meðal sveitarfélaga og grunnskóla. Þannig verður fylgst með því hvernig skólum og sveitarfélögum gengur að uppfylla tiltekin ákvæði nýju laganna.

Kannaðir eru þættir eins og t.d. skólastefna og eftirlit sveitarfélaga, skólareglur, móttökuáætlun, samstarf heimilis og skóla og skólaráð. Seinna á þessu þriggja ára tímabili verða kannaðir fleiri þættir eins og t.d. kennsla valgreina á unglingsstigi og sérfræðipjónusta sveitarfélaga.

3.3 PISA 2012

PISA (Programme for International Student Assessment) er alþjóðleg könnun á vegum OECD á þekkingu og hæfni 15 ára nemenda sem endurtekin er á þriggja ára fresti. Rannsóknin beinist að því að fylgjast með og meta frammistöðu 15 ára nemenda við lok grunnskóla í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Að auki er leitast við að meta aðra þætti skólagöngunnar en námsframvindu, t.d. námsvenjur, skólaumhverfi og lestrarvenjur.

Ísland hefur tekið þátt í PISA-rannsókninni frá upphafi en fjórum sinnum hafa farið fram mælingar, þ.e. árin 2000, 2003, 2006 og 2009. Árið 2009 var lögð sérstök áhersla á að skoða lesskilning. Áætlað er að niðurstöður úr þeirri mælingu verði birtar haustið 2010 og munu ákvarðanir um eftirfylgni hér á landi verða teknar í framhaldi af því.

3.4 Stofnanaúttektir á grunnskólum

Ný lög um grunnskóla gera ráð fyrir auknu ytra mati á starfsemi grunnskóla. Þessu verður m.a. mætt með aukinni áherslu á stofnanaúttektir. Áætlað er að á tímabilinu sem um ræðir verði gerðar stofnanaúttektir á 18 grunnskólum. Markmiðið með slíkum úttektum er að fá

fram heildarmynd af starfsemi viðkomandi skóla þar sem lögð er áhersla á að skoða skólastarf út frá lögum, reglugerðum og aðalnámskrá.

3.5 Skólanámskrár og starfsáætlanir

Grunnskólum er skylt að gera skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms, námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs og á að taka mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum. Í árlegri starfsáætlun skóla skal m.a. gera grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Sérfræðingur verður fenginn til leggja mat á skólanámskrár og starfsáætlanir 30 skóla. Niðurstöður matsins verða aðgengilegar öðrum skólum þannig að þær komi sem flestum skólum að gagni við endurskoðun skólanámskráa og starfsáætlana.

3.6 Sund og skólaíþróttir

Könnun verður gerð á fyrirkomulagi kennslu í skólaíþróttum og sundi. Sendur verður spurningalisti til allra skóla á landinu og verður það í þriðja sinn sem slík könnun er gerð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði sambærilega könnun á árið 2000 og aftur árið 2004. Markmið könnunarinnar er sem fyrr að kanna fyrirkomulag kennslunar, umfang og fjölda nemenda í sundtímum. Auk þess verður tekið mið af reglum um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar og reglum um öryggi í íþróttahúsum.

3.7 Menntun kennara

Í tengslum við breytingar á lögum um menntun kennara frá 2008, niðurstöður TALIS-könnunarinnar og sameiningar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið ákveðið að afla upplýsinga frá skólum um menntun kennara. Meðal annars verður athugað hvernig fagmenntun nýtist.

3.8 Stærðfræði og enska á unglingsstigi

Á tímabilinu verður lögð áhersla á að skoða fyrirkomulag kennslu, námskröfur og námsmat í ensku og stærðfræði á unglingsstigi. Meðal annars verða skoðuð áhrif þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um grunnskóla og lúta að samræmdum prófum í 10. bekk. Valdir verða tíu skólar og m.a. könnuð viðhörf kennara, nemenda og skólastjórnenda.

3.9 Ritun á íslensku

Í tillögum Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem samþykkt hefur verið á Alþingi er fjallað um grunnskóla og m.a. lögð áhersla á að hlutur móðurmálskennslu verði aukinn. Skólaárið 2008 til 2009 vann Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun á lestrarkennslu í tíu grunnskólum og kom þar ýmislegt fram sem styður álit Íslenskrar málnefndar. Í kjölfar könnunar á lestrarkennslu hefur ráðuneytið þegar hafið vinnu við eftirfylgni og verður ritunarkennsla í íslensku í grunnskólum m.a. skoðuð. Ráðgert er að ritunin verði könnuð með svipuðum hætti og lestrarkennslan.

3.10 Hagnýting niðurstaðna samræmdra könnunarprófa

Samkvæmt lögum um grunnskóla eru samræmd könnunarpróf nú haldin í 4., 7. og 10. bekk. Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk hafa verið haldin frá 1996 og hefur framkvæmdaaðili prófanna þróað bæði prófin og framsetningu úrlausna undanfarin ár meðal annars með það að leiðarljósi að auka gagnsemi þeirra fyrir nemendur, foreldra og skóla. Því þykir mikilvægt að kanna hvort og hvernig prófin nýtast þeim sem eiga hlut að máli.

3.11 Val í námi á unglíngastigi

Í janúar 2007 var grunnskólalögum breytt þannig að vali í námi á unglíngastigi var gefið meira vægi. Í lögunum frá 2008 er sambærilegt ákvæði þannig að val í námi skal nú vera um þriðjungur námstímans í 8., 9. og 10. bekk. Með könnun á vali á unglíngastigi er fyrirhugað að fá mynd af því sem boðið er upp á í skólum, s.s. fjölbreytni, fyrirkomulagi og umfangi og afstöðu skólaljórnenda til þessarar breytinga.

3.12 Áhrif nemenda og lýðræði í skólalstarfi

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er lögð áhersla á rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og að tekið sé tillit til skoðanna þeirra. Þessi sýn endurspeglar í áherslum nýrra laga um grunnskóla. Til að skoða hvernig þessu er framfylgt verður m.a. kannað með hvaða hætti nemendum er gert kleift að hafa áhrif á skólalstarf og láta skoðanir sínar í ljós. Meðal annars verður skoðað hvernig aðkoma nemenda er að skipulagi skólalstarfsins og verkefnavali í náminu.

3.13 Sérfræðiþjónusta sveitarfélaga

Í lok þessa úttektartímabils verður umfang og fyrirkomulag sérfræðiþjónustu sveitarfélaga skoðað. Spurningalisti verður sendur sveitarfélögum til að fá mynd af þeirri þjónustu sem í boði er auk þess sem leitað verður til úrtaks foreldra og skóla til að fá þeirra sýn á þjónustuna og fyrirkomulag hennar. Markmið könnunarinnar er að fylgjast með framkvæmd laganna og kanna hvernig sveitarfélög koma til móts við þarfir nemenda og skóla fyrir sérfræðiþjónustu.

3.14 Tilraunaverkefni

Þau verkefni sem hér um ræðir eru til komin vegna samninga ráðuneytisins við sveitarfélög um tilraunaverkefni, eins og t.d. mat á á alþjóðaskólanum við Sjálandsskóla í Garðabæ og Borgarfjarðarbrúnni Borgarbyggð.

3.15 Ófyrirséð

Gert er ráð fyrir að auk þeirra verkefna sem hér eru tilgreind geti komið upp fleiri verkefni svo sem vegna samninga, í kjölfar úttekta eða ábendinga.

3.16 Yfirlit úttekta á grunnskólastigi

2010

Innra mat

Innleiðing og framkvæmd nýrra grunnskólalaga

Skólanámskrár og starfsáætlanir

Stofnanaúttektir

Tilraunaverkefni og ófyrirséð

2011

Sund og skólaíþróttir

Ritun á íslensku

Hagnýting niðurstaðna samræmdra prófa

Fagúttekt

Stofnanaúttektir

Tilraunaverkefni og ófyrirséð

2012

Menntun kennara

Fagúttekt

Val í námi á unglíngastigi

Áhrif nemenda og lýðræði í skólastarfi

Sérfræðipjónusta sveitarfélaga

Stofnanaúttektir

Tilraunaverkefni og ófyrirséð

PISA 2012

4. Kannanir og úttektir í leikskólum 2010-2012

4.1. Innleiðing nýrra leikskólalaga

Í 3. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 segir að ráðherra skuli gæta þess að farið sé eftir ákvæðum laga og reglugerða. Ráðuneytið fylgist með innleiðingu nýrra leikskólalaga með því m.a. að gera kannanir meðal sveitarfélaga og skóla. Með því er ætlunin að fá breiða mynd af stöðu mála og vekja athygli foreldra á niðurstöðunum eins og lög gera ráð fyrir. Einnig er könnuninni ætlað að varpa ljósi á áherslur og sýn sveitarstjórna og stjórnenda leikskóla. Kannanir eru þættir eins og t.d. skólastefna og eftirlit sveitarfélaga, sérfræðiþjónusta, foreldraráð, foreldrafélög og samrekstur skólastiga.

4.2 Sérfræðiþjónusta sveitarfélaga

Í lok tímabilsins verður umfang og fyrirkomulag sérfræðiþjónustu sveitarfélaga skoðað. Markmið könnunarinnar er að fylgjast með framkvæmd laganna og kanna hvernig sveitarfélög koma til móts við þarfir barna og skóla með hliðsjón af lögum og reglugerð um sérfræðiþjónustu. Spurningalisti verður sendur sveitarfélögum til að fá upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er. Auk þess verður leitað til úrtaks foreldra til að fá sýn þeirra sem þiggja þjónustuna.

4.3 Málumhverfi leikskólabarna

Í 2. gr. laga um leikskóla segir meðal annars að meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku. Jafnframt er í aðalnámskrá leikskóla frá 1999 lögð áhersla á mikilvægi þátta sem tengjast örvun málþroska. Í nýrri íslenskri málstefnu er veigamikil hlutverk leikskóla í máluppeldi barna áréttað. Til að afla upplýsinga um málumhverfi leikskólabarna verða sendir spurningalistar til úrtaks leikskóla og á grundvelli þeirra upplýsinga sem þar koma fram verður könnunin dýpkuð með heimsóknnum í valda leikskóla þar sem tekin verða viðtöl og starfið skoðað.

4.4 Skólastefna og áhrif barna

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er lögð áhersla á rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og að tekið sé tillit til skoðana þeirra. Með hliðsjón af þessu ákvæði er fyrirhuguð könnun þar sem lögð verður áhersla á að skoða aðkomu barna að daglegu starfi í leikskólum. Leikskólar vinna út frá ýmsum uppeldisstefnum sem hafa ólíkar áherslur og er skipulag daglegs starfs leikskóla mismunandi. Skoðuð verður aðkoma barna að skipulagi skóladagsins og verkefnavali í tilteknum fjölda leikskóla sem vinna eftir mismunandi skólastefnum. Með hliðsjón af niðurstöðum verður skoðað hvernig ólíkar uppeldisstefnur veita börnum svigrúm til að hafa áhrif og hvort koma þarf betur til móts við rétt barna í þessu samhengi.

4.5 Stofnanaúttektir

Á grundvelli eldri laga um leikskóla hafa verið gerðar stofnanaúttektir á leikskólum undanfarin ár. Þær hafa mælst vel fyrir og verið gagnlegar fyrir leikskóla, sveitarfélög og ráðuneyti. Gerðar verða stofnanaúttektir á 18 leikskólum á tímabilinu sem hér um ræðir.

4.6 Hópastærð og rými

Í lögum nr. 90/2008 um leikskóla segir að leikskólahúsnæði skuli taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem þar fer fram. Jafnframt segir að við ákvörðun um fjölda barna í leikskóla skuli m.a. taka tillit til aldursdreifingar barna, sérþarfa, lengdar dvalartíma, rýmis og samsetningar starfsmannahópsins. Felur þetta í sér breytingar frá reglugerð sem byggði á eldri lögum þar sem kveðið var á um lágmarksrými og barngildisviðmið. Því þykir mikilvægt að afla upplýsinga um hvort þessi breyting hafi áhrif á starfsemi leikskóla. Auk þess verður kannað hvernig ákvarðanir um fjölda barna á deild og stærð rýmis eru teknar.

4.7 Foreldrar og foreldraráð

Í nýjum lögum um leikskóla er leitast við auka aðkomu foreldra að starfi leikskóla. Jafnframt er lögfest sú skylda að við hvern leikskóla skuli starfa foreldraráð sem ætlað er fjölþætt hlutverk. Á seinni hluta þess tímabils sem áætlunin tekur til verður kannað hvernig gengið hefur að auka aðkomu foreldra að leikskólastarfi. Meðal annars verður skoðað hvernig leikskólastjórar miðla upplýsingum til foreldraráða, hvernig og hvort umsagnir frá foreldrum berast og hverju aukin áhersla á samstarf hefur skilað.

4.8 Ófyrirséð

Gert er ráð fyrir að auk þeirra verkefna sem hér eru tilgreind geti komið upp ófyrirséðar kannanir eða úttektir svo sem vegna samninga ráðuneytisins við sveitarfélög um einstök verkefni. Umfang eftirfylgni með úttektum og könnunum sem gerðar verða er einnig erfitt að sjá fyrir en hugsanlegt er að þær úttekti og kannanir sem ákveðið hefur verið að ráðast í leiði til frekar athugana.

4.9 Yfirlit úttekta á leikskólastigi

2010

Innleiðing nýrra leikskólalaga

Málumhverfi leikskólabarna

Stofnanaúttektir

Ófyrirséð

2011

Skólastefna og áhrif barna

Stofnanaúttektir

Ófyrirséð

2012

Hópastærð og rými

Sérfræðipjónusta sveitarfélaga

Foreldrar og foreldraráð

Stofnanaúttektir

Ófyrirséð